

fundabók fjelagsins »Reykvíkingur« hinn umræddi styrkur að greiðast »af gjaldkera eptir ávísun formanns«, en af þessu leiðir, að formaðurinn (hinn stefndi), sem eigi hefur látið mæta nje mætt í málinu, hvorki í hjeradi nje fyrir yfirdómi, verður ekki samkvæmt kröfu áfrýjanda skyldaður til þess að greiða *sjálfur* af hendi hina umstefndu upphæð fyrir hönd fjelagsins. Það þarf því ekki að rannsaka það frekar, hvort áfrýjandinn hefur að öðru leyti rjett til hinna umstefndu 100 kr., og ber því að sýkna hinn stefnda fyrir kröfu áfrýjandans í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a d v e r a :

Hinn stefndi, kaupmaður W. Ó. Breiðfjörð, á að vera sýkn af kærnum og kröfum áfrýjandans, E. Egilsson, í þessu máli. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 7/1892:

Eyjólfur Jónsson

gegn

sýslumanni Franz Siemsen sem skiptaráðanda í búi Eyjólfssonar og Ingibjargar Þórarinsdóttur og hreppnefndinni í Garðahreppi.

D ó m u r :

Með stefnu dags. 17. marz p. á. hefur Eyjólfur Jónsson í Katrínarkoti á Álptanesi áfrýjað til landsyfirdómsins 2 úrskurðum, sem kveðnir hafa verið upp af skiptarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu í búi hans og látinnar konu hans Ingibjargar Þórarinsdóttur 28. janú-

ar p. á. Annar þessara úrskurða snertir kröfu hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, að því er snertir meðgjafarskyldu úr búinu með sonarbörnum áfrýjanda, er áfrýjandi hefur mótmælt, og er með úrskurðinum ákveðið, að mótmæli áfrýjanda verði eigi tekin til greina. Hinn úrskurðurinn snertir samningsskjal ^{20/3} 1889 milli áfrýjanda og barna hans, Jóns, Eyjólfss, Þórarins, Bjarna, Katrínar og Ingibjargar, og segir sá úrskurður, að samningsskjalið eigi ógilt að vera. — Að því er snertir hinn fyrnefnda úrskurð, þá er skiptaráðandanum stefnt fyrir hönd búsins, svo og hreppsnefndaroddvitanum í Garðahreppi fyrir hönd hreppsnefndarinnar þar. Skiptaráðandinn hefur ekki mætt eða neinn af hans hendi, en af hendi hins stefnda hreppsnefndaroddvita mætti málaflutningsmaður Lárus Bjarnason, og krafðist fyrir umbjóðanda sinn, að málinu yrði frávísað, þar sem honum væri að eins stefnt fyrir hreppsins hönd, og að honum yrði dæmdur kostur og tæring hjá áfrýjanda. Áfrýjandi hefur krafist: 1., að því hinn fyrnefnda úrskurð snertir, að hann verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að krafa hreppsnefndarinnar í Garðahreppi í búið ekki skuli takast til greina; 2., að því hinn síðarnefnda úrskurð snertir, að honum verði hrundið og breytt þannig, að krafa barna áfrýjandans í bú hans verði dæmd rjett að vera og því skuli takast til greina í búinu; 3. að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjandanum báðir fyrir einn og einn fyrir báða allan af áfrýjuninni leiðandi kostnað að skaðlausu.

Að því kemur til hins fyrnefnda úrskurðar, þá er að eins hreppsnefndaroddvitanum stefnt fyrir hönd hreppsnefndarinnar. Til þessa virðist engin lagaheimild að vera, samanber ákvæði tilskip. 4. maí 1872, að því

er snertir skyldur og verksvið hreppsnefndaroddvita. Ber því, að því er þennan úrskurð snertir, að vísa málinu frá yfirdóminum, og að skylda áfrýjanda til að borga hinum stefnda hreppsnefndaroddvita kost og tæring, er þykir hæfilega ákveðið 4 kr.

Að því snertir hinn síðarnefnda úrskurð, þá kveður hann svo á, að samningsskjal eitt milli áfrýjanda og nokkurra barna hans skuli vera ógilt. Með því nú skiptaráðandi ekki að lögum gat úrskurðað samninginn ógildan, heldur að eins með úrskurði neitað að taka hann til greina og að greiða nokkuð úr búinu samkvæmt skjalinu, þá ber að fella þenna úrskurð úr gildi. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður að öðru leyti en því, sem ákveðið er um kost og tæring.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunnin í málinu frávísað að því er snertir úrskurðinn um fjárkröfu Garðahrepps. Úrskurður skiptaráðanda, að því er snertir samningsskjalið 20. marz 1889, skal úr gildi felldur. Áfrýjandi Eyjólfur Jónsson greiði prófasti Þórarni Bøðvarssyni, oddvita hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, 4 kr. í kost og tæring. Að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður. Ídæmd kostur og tæring greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.